



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FORM FYRIR FRAMSETNINGU UPPLÝSINGASKJALS VEGNA
SKAÐATRYGGINGAR



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FORM FYRIR
FRAMSETNINGU UPPLÝSINGASKJALS VEGNA
SKAÐATRYGGINGAR

2021 nr. 18

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 19. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals vegna skaðatryggingar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um dreifingu skaðatrygginga, sbr. 10. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

2. gr.

Staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals vegna skaðatryggingar.

Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerð (ESB) 2017/1469 frá 11. ágúst 2017 sem mælir fyrir um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarafurð, sbr. 3. gr. Skal ákvæðum hennar fylgt við samningu og miðlun staðlaðs upplýsingaskjals vegna skaðatrygginga, sbr. 10. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1469 frá 11. ágúst 2017 um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarafurð, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2019 frá 13. desember 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14 frá 5. mars 2020, bls. 58. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 3-7.](#)

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, öðlast þegar gildi.